

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

30. janúar 2026
UOS2501488/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. september 2025 – ID 46

Þann 15. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik frá gr. 3.3 og varðar að leiða skal allt vatn sem safnað er af urðunarstaðnum í hreinsivirki áður en það er leitt í Skógalón. Á urðunarstað, hefur rekstraraðili ekki útbúið hreinsivirki fyrir sigvatn og að hluta til varðar þetta einnig frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi er varðar að uppsöfnun vatns á sér stað í urðunarreinum urðunarstaðar (eldra frávik nr. 2). Fyrri úrbætur sem lagðar hafa verið fram af rekstraraðila miðuðust við að rekstraraðili myndi sækja um breytingu á starfsleyfi þar sem hann taldi óvíst að fyrirkomulag hreinsivirkisins eins og gerð er grein fyrir í starfsleyfi myndi skila árangri. Umsókninni var hafnað og var rekstraraðila gert það kunnugt í bréfi dagsettu þann 27. mars 2025. Í erindi Umhverfis- og orkustofnunar dags 8. apríl 2025 kom fram að Umhverfis- og orkustofnun óskaði eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi frávikin með raunhæfri tímaáætlun sem tekur mið af vinnu vegna undirbúnings fyrir breytingu starfsleyfis sem þarf að fara fram og þar til úrbótum hefur verið náð. Frestur til að skila inn uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviksins var til og með 30. apríl 2025. Rekstraraðili brást ekki við erindinu og því liggja ekki fyrir áætlanir um úrbætur vegna frávikana.
2. Frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfi og varðar uppsöfnun vatns í urðunarreinum. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginum. Frávik þetta var fyrst sett fram í eftirliti ársins 2019. Vatn safnast enn fyrir í urðunarreinum og ekki hefur tekist að útbúa skurði þannig að vatni sé fullnægjandi veitt frá og fyrirbyggt að það liggja ekki í úrganginum.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Bæta þarf skráningar á stöðu urðunarstaðar og þær upplýsingar sem lýsa því svæði sem er undir úrgangi, sem þegar er búið að urða í og útreikningum á því urðunarrými

sem eftir er á staðnum. Hægt er að styðjast við loftmyndir til að sýna fram á slíkar skráningar ásamt útreikningum á nýttu rými og því sem hægt er að nýta yfir rekstartíma urðunarstaðarins.

2. Niðurstöður vöktunarmælinga skulu studdar af yfirlitsmynd af urðunarstaðnum með merktum staðsetningum brunna og staðsetningum þar sem sýnatökur fara fram eða þar sem aðrar mælingar eru framkvæmdar. Annar valmöguleiki er að leggja fram upplýsingar um hnitsetningu þeirra.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2. í starfsleyfi og 9 gr. í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Óheimilt er að geyma úrgang inn á urðunarstað sem ekki fellur að móttökuskilyrðum starfsleyfis. Á urðunarstað voru til staðar hjólbarðar, tómir olúgeymar og bílhæ. Ráðstöfun, geymsla og meðhöndlun úrgangs skal vera þannig að gætt sé sérstaklega að mengun berist ekki jarðveg.
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og rennismælinga á sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Engar mælingar voru gerðar á samsetningu sigvatns neðan hreinsivirkis árið 2024.
3. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Neðan urðunarstaðar, í grunnvatnsbrunni merktum (VF5) mælist styrkur á ammóníum yfir mörkum eða 2,99 mg/l N. Viðmiðunargildi fyrir grunnvatn á þeim mælipætti er 0,5 mg/l N og viðsnúningsgildi er 0,4 mg/l N. Nitrit mælist einnig yfir mörkum í sama grunnvatnsbrunni (þ.e. VF5) og er 2,72 mg/l. Viðmiðunargildi nitrits er 0,5 mg/l og viðsnúningsgildi þess er 0,375 mg/l sbr. við viðauka III í rg. nr. 535/2011, B-hluta, undir gr. 2.3.4.
Í yfirborðsvatni ef niðurstöður eru bornar saman við fylgiskjal í rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns þá fellur nikkell (Ni) úr flokki I yfir í flokk nr. II milli mælistaða en súrefnispörf (COD) fer úr flokki III og yfir umhverfismörk hæsta flokks sem er V (efri mörk 30 mg/l). VF3 er mæling við Skógarlón við innrennslu og VF2 er mæling við Skógarlón, neðan innrennslis. Í VF3 er Ni undir greiningarmörkum en VF2 er það að mælast 0,788 µg/L. Í VF3 er COD að mælast = 19,5 mg/L og í VF2 = 40,5 mg/L.
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni og skal þykkt þess vera nægjanleg til að hylja þann úrgang sem urðaður hefur verið. Eftir eftirlit, þegar ekið var eftir Norðausturveg blasti við af veginum óhulinn ófrágenginn úrgangur við norðurenda og norðvesturenda urðunarstaðar sem einnig þarf að ganga frá skv. verklagi í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða settra skv. þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 1. mgr. 40. gr. l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna framangreindra frávika, sbr. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti. Áætlunin skal hafa borist stofnuninni eigi síðar en **20. febrúar 2026**.

Verði úrbætur ekki unnar á einstaka frávikum eða úrbótaáætlun gerð vegna þeirra þá mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Vakin er athygli á gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr., sbr. og 1. mgr. 1. gr. auglýsingar nr. 1033/2025. Stofnunin innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjaldið er kr. 22.400 á klst.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur, teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur, teymi eftirlits